



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

# Frístundamiðstöðin Brúin

Starfsáætlun 2023-2024



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag



Efnisyfirlit		Jafnréttisáætlun 2023-2024	22
Inngangur	3	<i>Brúin sem atvinnurekandi</i>	22
Starfstaðir og skipulag Brúarinnar	4	<i>Einelti, áreitni og ofbeldi</i>	24
Hlutverk Brúarinnar	5	<i>Þjónustuhlutverk</i>	25
<i>Við sem vinnum hjá Brúnni:</i>	5		
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030	6		
<i>Leiðarljós</i>	6		
<i>Meginmarkmið</i>	6		
Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	7		
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	10		
<i>Frístundastarfið - allir starfstaðir</i>	10		
<i>Frístundastarfið - unglingsvið</i>	11		
Áskoranir, markmið og aðgerðir	13		
<i>Frístundastarfið - unglingsvið</i>	13		
<i>Frístundastarfið – barnasvið</i>	15		
<i>Stjórnun, staðarbragur og mannaúður</i>	18		
Samstarf	20		
Áherslur starfsársins	21		

# Inngangur


Frítundamiðstöðin Brúin hefur umsjón með og rekur frítundastarfsemi SFS í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti og Úlfarsárdal. Undir Brúna heyra tíu frítundaheimili fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og níu félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára aldurshópin, þar af ein félagsmiðstöð með sértækt starf. Starfsemi Hlöðunnar er í höndum skrifstofu Brúarinnar en salurinn nýtist vel fyrir starfsemi frítundamiðstöðvarinnar auk þess að vera vel nýtt af öðrum starfstöðum SFS og Reykjavíkurborgar ásamt einkaaðilum. Á skrifstofu Brúarinnar fer fram miðlæg þjónusta til starfstaðanna, mat og eftirlit með starfseminni, samræming og samstarf eininganna, utanumhald um fjármál og rekstur, húsnæði auk mannaúts- og launaumsýslu. Skrifstofa Brúarinnar er staðsett í Austurmiðstöð.

Starfsáætlun Brúarinnar tekur mið af starfsskrá frítundamiðstöðva SFS, Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 og Stefnu um frítundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025. Einnig er unnið eftir niðurstöðum um þátttöku í starfinu, viðhorfskannanna og rannsókna á stöðu barna og unglinga auk viðhorfskannanna til starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Vinna við gerð starfsáætlana er í höndum starfsfólks og stjórnenda frítundamiðstöðvarinnar. Samhliða gera allir starfsstaðir frítundamiðstöðvarinnar áætlanir þar sem teknar eru fyrir áherslur hvers starfstaðar fyrir sig.



# Starfstaðir og skipulag Brúarinnar



# Hlutverk Brúarinnar

- ✓ Stuðla að félagslegri velferð og að þjónustan sé farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.
- ✓ Stuðla að umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- ✓ Þjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.
- ✓ Þjóða íbúum í borgarhlutanum upp á félags- og tómstundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi.
- ✓ Efla félagsauð með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku hverfisbúa í frístundastarfi.

## Starfsumhverfi Brúarinnar



## Við sem vinnum hjá Brúnni:

- Leggjum áherslu á að skapa góða liðsheit.
- Hrósum og hvetjum alla til að gera sitt besta.
- Temjum okkur jákvætt hugarfar.
- Lærum í gegnum leik og gerum daginn eftirminnilegan.
- Berum virðingu og sýnum umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og viðhorfum.
- Verum opin fyrir nýjungum og tilbúin í breytingar.
- Leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í leik og starfi.
- Fögnum margbreytileika og komum til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga og hópa.
- Erum fyrirmyndir og leggjum okkur fram við að vera besta útgáfan af okkur sjálfum.
- Sýnum frumkvæði, setjum okkur markmið og leitum stöðugt leiða til að þróa hæfni okkar og þekkingu.
- Leggjum áherslu á traust og samvinnu og erum heiðarleg í samskiptum

# Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

## Leiðarljós

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Í stefnunni er rík áhersla á að uppeldi barna og menntun sé samfélagslegt verkefni sem eigi sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti. Virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi eru mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Skóla- og frístundasvið borgarinnar setur fagmennsku og samstarf í öndvegi. Sviðið leggur áherslu í menntastefnunni að styðja við faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu. Stefnt er að því

að húsnaði og aðstaða veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Í menntastefnunni kemur fram mikilvægi samstarfs við fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

## Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

### **Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:**

Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði



# Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári

Starfsárið 2022 – 2023 er fyrsta heila starfsár frístundamiðstöðinnar Brúarinnar. Að baki er tímabil skipulagsbreytinga og samþættingar og segja má að nú sigli Frístundamiðstöðin Brúin farsælan veg fram á við. Frístundamiðstöðin Brúin þjónar Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og Kjalarnesi. Brúin ber ábyrgð á og fer með yfirstjórn frístundaheimila og félagsmiðstöðva ásamt því að hafa umsjón með og reka miðlæga þjónustu miðstöðvar útináms (MÚÚ), frístundagarðs í Gufunesi og Hlöðunnar auk skíðabrekna í borginni í umboði Menningar- og íþróttasviðs. Þá veitir Frístundamiðstöðin stuðning við starfsemi skólarekinna frístundaheimila í Ártúns-, Dal-, Klébergs- og Norðlingaskóla. Undir frístundamiðstöðina heyra tuttugu og tvær starfseiningar og í þeim starfa 230 starfsmenn.



Skóla- og frístundasvið í samstarfi við Velferðarsvið fór af stað með verkefnið „Betri borg fyrir börn“ í alla borgarhluta en markmiðið með því verkefni er að samþætta ennfrekar starf og þjónustu SFS og Velferðasviðs í borgahlutunum í anda nýrra laga um farsæld barna. Nú er að mótast reynsla af þessu nýja fyrirkomulagi og segja má að það hafi gefið góða raun. Samþætting og samstarf um málefni barna og ungmenna innan Austurmiðstöðvar er stöðugt í þróun en einn stærsti kostur samþættingarinnar er sá að stjórnendur og sérfræðingar hafa aðsetur á sama stað og því er hægara um vik að ráðfæra sig við samstarfsfólk um málefni barna og fjölskyldna þeirra. Á vorönn réð Frístundamiðstöðin Brúin í stöðu ráðgjafabroskabjálfa sem hefur það hlutverk að veita ráðgjöf og stuðning inn í starf frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Haldið var áfram framkvæmdum sem staðið hafa yfir í húsnæði Ársels og Töfrasels á árinu og búið er að endurskipuleggja húsnæðið með tilliti til starfseminnar. Um áramótin 2022 var húsnæði sem Brúin var með á leigu hjá Fylki fyrir eldri börn Töfrasels skilað þannig að nú eru öll börn í Töfraseli staðsett í húsnæði Ársels. Haustið 2023 fékk Félagsmiðstöðin Ársel aðstöðu í Árbæjarskóla sem opin er á skólatíma. Um tilraunaverkefni er að ræða en markmiðið er að starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar geti haft meiri möguleika að ná til allra unglínganna í skólanum auk þess sem þeir fá betri félagsaðstöðu innan skólans. Leigusamningur um húsnæði að Kirkjustétt 2 þar sem starfrækt er Frístundaheimilið Stjörnuland og Félagsmiðstöðin Fókus rennur út í árslok 2023. Af þeim sökum er stefnt að því að starfsemi þessara eininga færist yfir í Ingunnarskóla í ársbyrjun 2024. Með þessum breytingum verður Holtið sem þjónar börnum og unglíngum í Norðlingaskóla eina félagsmiðstöðin sem ekki hefur aðstöðu innan skóla.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fái afnot af íþróttahúsum skólanna og nú hafa allir starfsstaðir Brúarinnar aðgengi íþróttahúsum að undanskildri félagsmiðstöðinni Fellinu í Dalskóla. Ástæðan fyrir því að ekki hefur tekist að fá afnot þar er mikil nýting Fram á íþróttahúsinu. Áfram verður skoðað hvort ekki takist að fá afnot af húsinu og þannig náist það markmið að öll börn og unglíngar í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva Brúarinnar hafi tækifæri til hreyfingar í íþróttasal.



Á starfsárinu var áfram lögð áhersla á að samræma og uppfæra verklag um fjármál, rekstur, og starfsmannagögn. Fræðsla og kynning á Handbók Brúarinnar um rekstur fór fram til forstöðumanna og áhersla lögð á að vísa í handbók þegar fyrirspurnir um rekstrar-, og starfsmannatengd málefni bárust. Rafrænar undirritanir voru innleiddar sem hraðaði mjög vinnslu allra samninga. Fræðsla um launa- og kjaramál fór fram haustið 2023 og var í boði fyrir allt starfsfólk Brúarinnar. Vinna við að kynna og nýta forritið Teams til upplýsingagjafar og samskipta fyrir allt starfsfólk fór af stað og verður þeirri vinnu haldið áfram á komandi starfsári.

Í barnastarfinu var lögð áhersla á að þetta stjórnendahópurinn sem loksins gat hist á reglubundnum fundum þar sem möguleiki til umræðna um fagleg málefni og samstarfs tók á sig breytta mynd. Samstarfið við þau fjögur frístundaheimili sem rekin eru af skólunum var formgert og aukið til muna. Forstöðumenn þeirra koma mánaðarlega til fundar með deildarstjóra og forstöðumönnum frístundaheimila Brúarinnar. Hópurinn sem er í fullu starfi á öllum þessum stöðum hittist mánaðarlega í heimsóknum á frístundaheimilunum. Hugmyndin með þeim fundum er að kynnast umhverfi, aðstöðu og starfsemi annarra heimila auk þess að fá kynningar á ýmsum þáttum í starfinu eða málefnum sem tengjast því. Dæmi um slíkt er heimsókn talmeinafræðinga af Austurmiðstöð sem kynntu starf sitt og í kjölfarið spunnust umræður um aukna möguleika til samstarfs þeirra við starfsfólk frístundaheimilanna. Þá kynnti Lilja Marta, forstöðumaður Dalheima meistarverkefni sitt sem tengist vinnu með börnum um Barnasáttmálann.

Því miður var sem fyrr erfitt að fá nægjanlegt starfsfólk til starfa í vetrarstarfinu og á sumum stöðum biðu elstu árgangarnir fram á vetur og dæmi var um að ekki tókst að bjóða elstu börnunum dvöl. Þessi staða er erfið fyrir alla, sérstaklega börnin sem ekki fá að taka þátt í því fjölbreytta og uppbyggjandi frístundastarfi sem við viljum bjóða.

Sumarstarfið var með hefðbundnum hætti en lögð var áhersla á að skipuleggja dagskrá með börnunum og reynt að hafa ólík viðfangefni út frá aldri. Í þeim tilvikum sem fá eldri börn voru þá var samstarf milli heimila um viðfangsefni. Frístundaheimilið Regnbogaland í Foldaskóla sameinaðist sumarfrístund Kastala í Húsaskóla vegna framkvæmda í húsnaði þeirra. Vel tókst til og sköpuðust möguleikar á fjölbreyttum viðfangsefnum og meiri skiptingu hópa.

Í ágúst tók frístundaheimilið Tígriðsbær þátt í tilraunaverkefninu Fyrr í Frístund með Rimaskóla og samstarfsleikskólunum Fífuborg, Laufskálum og Lyngheimum þar sem börnum sem eru að ljúka leikskóla gafst kostur á að hefja dvöl strax eftir sumarlokun. Verkefnið gekk vel þrátt fyrir skamman tíma til undirbúnings og ber að þakka því frábæra fagfólki sem kom að því frá öllum aðilum tilraunarinnar. Mat á tilrauninni stendur yfir.

Á þessu fyrsta heila starfsári unglingastarfsins lærði starfsmannahópurinn betur inn á að vinna stór verkefni saman eins og t.d. undankeppni Sönkeppni Samfés og Brúarleika. Brúarleikarnir eru keppni á milli félagsmiðstöðva í íþróttum, tölvuleikjum, spilum, hugarþrautum og fleiru sem endar með stóru balli. Í samstarfi níu félagsmiðstöðva er að mörgu að hyggja en í starfsþróunarsamtölum í vor voru stjórnendur sammála því að sameiningin væri í höfn og að starfið gengi vel og væri skemmtilegt í stórri frístundamiðstöð.

Unglingasvið í heild sinni var þátttakandi í b-hlutaverkefni þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs. Markmið verkefnisins voru sett fram með það í huga að smíða umgjörð utan um það mikla fræðslustarf til barna og fjölskyldna þeirra sem félagsmiðstöðvum er falið að sinna. Mánuðirnir voru tileinkaðir ákveðnu málefni.





Þemun sem tekin voru fyrir voru samskipti, andleg heilsa, Vika 6, samfélagsmiðlar, félagsfærni og hinseginleikinn. Unnið var með fræðsluefni tengt hverju þema fyrir sig og miðlað til starfsfólks, foreldra og barna- og unglingahópsins í gegnum tölvupóst, með fræðsluerindum, á instagram og með því að hengja plaköt upp í félagsmiðstöðinni og skólanum. Verkefninu var ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem koma sífellt upp í ungmennahópnum og nauðsynlegt er að taka á með fræðslu. Þessar áskoranir eru m.a. aukin vanlíðan barna og ungmenna, aukin tóbaks- og vímuefnanotkun ungmenna og ofbeldismenning. Þá eru sífellt í umræðunni ákveðin samfélagsmálefni sem skiptir máli að upplýsa börn og ungmenni um á borð við hinsegin málefni, rasisma og kynferðisofbeldi. Verkefnið reyndist vel og var hvatning til að skoða fræðslumál frístundamiðstöðvarinnar enn frekar. Heilt yfir var ánægja með breytt fyrirkomulag í starfsmannahópnum og sú endurgjöf sem barst frá foreldrum var mjög jákvæð. Á þeim starfsstöðum sem fræðsluþemað var áberandi yfir mánuðinn átti sér stað gott samtal milli starfsmanna og barna- og unglingahópsins

Eins og áður er lögð mikil áhersla að viðhalda starfsánægju innan starfsstaða Brúarinnar og fyrir Brúnna í heild. Frístundamiðstöðin lenti í þriðja sæti í starfsmannakönnun „Stofnun ársins“ en árið 2022 var könnun lögð í fyrsta skipti fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þessi niðurstaða var sérlega ánægjuleg og mikil viðurkenning fyrir stjórnendur og starfsfólk Brúarinnar og var skýr vísbending um að skipulagsbreytingarnar með sameiningu Ársels og Gufunesbæjar hafi tekist með afbrigðum vel. Á árinu voru skipulagðir fjöldi sameiginlegra viðburða fyrir starfsfólk Brúarinnar og er undirbúningur þessara viðburða í höndum starfsmanna. Í apríl s.l. var haldin árshátíð Brúarinnar sem tókst vel en þar að auki voru haldnar jólaskemmtanir fyrir starfsfólk, jólaball fyrir fjölskyldur starfsmanna auk þess sem barna- og unglingadeildir Brúarinnar héldu uppákomur fyrir sitt starfsfólk. Stjórnendur Brúarinnar fóru í vettvangsferð til Akureyrar í maí 2023 fyrir styrk úr starfsþróunarsjóði Sameykis. Um áhugaverða ferð var að ræða þar sem blandað var saman kynningu frá menntasviði Akureyrarbæjar, heimsóknum á starfsstaði auk skemmtunar fyrir hópinn sjálfan m.a. með heimsókn í Skógarböðin og sameiginlegum kvöldverði.



# Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

## Frístundastarfið - allir starfstaðir

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Stofnun ársins borg og bær 2022	Viðhorfskönnun send á Reykjavíkurnetföng starfsmanna	Starfsfólk Reykjavíkurborgar	Heildareinkunn 4,393 Jafnrétti 4,65 Stjórnun 4,62 Ímynd stofnunar 4,61 Starfsandi 4,57 Ánægja og stolt 4,53 Sveigjanleiki í vinnu 4,45 Sjálfstæði í starfi 4,40 Vinnuskilyrði 4,03 Launakjör 3,29



## Frístundastarfið - unglingsvið

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Rannsóknir og greining	Vímuefnakönnun, lögð fyrir nemendur í 8.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkurborgar, maí 2023	Unglingar í grunnskólum Reykjavíkurborgar.	<p>Lykiltölur í lífi barna í póstnúmerum 110, 112 og 113.</p> <p><b>110:</b>            11% nemenda í 10.bekk hafa orðið ölvuð um ævina            5.5% í nemenda 10.bekk hafa notað kannabis um ævina            5.5% nemenda í 10.bekk nota rafrettur daglega            4.7% nemenda í 10.bekk hafa nota morfisnskyld lyf á lyfseðils um ævina</p> <p><b>112:</b>            19.9% nemenda í 10.bekk hafa orðið ölvuð um ævina            8.1% í nemenda 10.bekk hafa notað kannabis um ævina            8.4% nemenda í 10.bekk nota rafrettur daglega            10.7% nemenda í 10.bekk hafa nota morfisnskyld lyf á lyfseðils um ævina</p> <p><b>113:</b>            18.8% nemenda í 10.bekk hafa orðið ölvuð um ævina            9.4% í nemenda 10.bekk hafa notað kannabis um ævina            8.8% nemenda í 10.bekk nota rafrettur daglega</p>



			12.5% nemenda í 10.bekk hafa nota morfisniskyld lyf á lyfseðils um ævina
Íslenskar æskulýðsrannsóknir	Könnun lögð fyrir 4,6,8 og 10.bekk í skólum landsins á vorönn 2023	Börn og unglingar í skólum landsins	Samantekt úr ÍÆ <b>110:</b> 15.3% nemenda í 10.bekk eru einmanna oft eða alltaf síðustu 12 mánuði 89% nemenda í 10.bekk stunduðu hreyfingu í 60mín á síðustu 7 dögum. <b>112:</b> 16.7% nemenda í 10.bekk eru einmanna oft eða alltaf síðustu 12 mánuði 89.3% nemenda í 10.bekk stunduðu hreyfingu í 60mín á síðustu 7 dögum. <b>113:</b> (vantar tölur frá Ingunnarskóla) 24% nemenda í 10.bekk eru einmanna oft eða alltaf síðustu 12 mánuði 91% nemenda í 10.bekk stunduðu hreyfingu í 60mín á síðustu 7 dögum.



# Áskoranir, markmið og aðgerðir

## Frístundastarfið - unglingsvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsþing</b>	Að vinna gátlista menntastefnunnar um sjálfsþing.	Að fylla út og fylgja eftir gátlista menntastefnunnar í sjálfsþing og sjá til þess að starfsfólk sé meðvitað um innhald listans og þau verkefni sem honum fylgja.	Starfsdegi unglingsstarfs í janúar.	Maí 2024	Að allir hafi fyllt út listann fyrir hvern starfsstað með starfsfólki.	Deildarstjóri fer yfir gátlista með forstöðumanni.
<b>Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa</b>	Að skapa vettvang fyrir börn og unglinga til að koma á framfæri ábendingum um öryggi, sitt eigið og annarra.	Búa til upplýsingagátt þar sem hægt er að koma ábendingum til starfsfólks félagsmiðstöðva bæði undir nafni og nafnlaust (QR-kóði).	Hautönn 2023	Áramót 2023-24	Upplýsingagátt tilbúin til notkunar.  Sameiginleg stöðutaka forstöðumanna varðandi virkni upplýsingagáttar á vorönn 2024.	Fjöldi ábendinga og að brugðist hafi verið við þeim og komið í viðeigandi farveg.



<b>Fagmennska</b>	Klára innleiðingu Regnbogavottunar	Innleiða aðgerðaráætlun í hinsegin málefnum sem er hluti af því að vera Regnbogavottaður starfsstaður. Hver staður sé með skýr umbótamarkmið.	Nóv. 2023	Apríl 2024	Að allir innleiði þau markmið sem sett eru í aðgerðaráætlunina.	Farið yfir markmiðin í lok vorannar og þau endurmetin.
<b>Virk þátttaka Jöfnuður Samstarf</b>	Að fræða börn og unglinga um innihald barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvaða þýðingu hann hefur fyrir þau.	Að hefja innleiðingu Réttindafrístundar í tveimur félagsmiðstöðvum, Fjörgyn og Sigyn. Áframhaldandi vinna með innleiðingu Réttindafrístundar í félagsmiðstöðinni Vígyn.	Haustönn 2023	Lok vorannar 2024	Með könnun á vegum Unicef til barna og unglinga auk starfsfólks.	Tekið út af Unicef í samstarfi við skóla, félagsmiðstöð og Unicef.
<b>Jöfnuður</b>	Aukin virkni barna og unglinga af erlendum uppruna í félagsmiðstöðvastarfi.	Kortleggja þátttöku þeirra í starfinu og leita leiða við að ná til þeirra sem ekki taka þátt.	Nóv. 2023	Febrúar 2024	Kortlagning liggur fyrir og leiðir valdar út frá niðurstöðum kortlagningar.	Aukin þátttaka í starfinu



## Frístundastarfið – barnasvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
<b>Félagsfærni</b>	Festa enn betur í sessi greiningu á félagslegri stöðu og vináttufærni barnahópsins og samskiptum starfsfólks við börnin.	Fyrir liggur áætlun um framkvæmd og úrvinnslu greiningarvinnunnar sem byggir á listum Vöndu Sigurgeirsdóttur um vináttufærni.  Frístundaheimilin vinna saman að því að festa hana í sessi og nýta Frístundakistu vináttuþjálfunar við gerð áætlana út frá niðurstöðum greiningar á hverjum stað.	Nóv. 2023	Apríl 2024	Allt starfsfólk hvers frístundaheimilis fyllir út lista um félagslega stöðu hvers barns út frá fjórum flokkum sem greiningin byggir á. Auk þess meta þau stöðu sína gagnvart hverju barni.  Á grundvelli greiningarinnar er gerð áætlun um vináttuþjálfun í barnahópnum sem og leiðir til úrbóta í samskiptum starfsfólks við börn.  Greining er endurtekin í apríl.	Að börn færast úr flokki týndra og hafnaðra yfir í meðal og vinsæl milli greininga.  Að fjölgað hafi í flokki jákvæðra leiðtoga ef um neikvæða hefur verið að ræða í fyrri greiningu.



<b>Sjálfsfelling</b>	Gátlistar menntastefnunnar, sjálfsfelling	Að stjórnendur og lykilstarfsfólk fylli út og fylgi eftir gátlista menntastefnunnar um sjálfsfellingu.	Nóv. 2023	Janúar 2024	Deildarstjóri fer yfir gátlista með forstöðumanni.	Að grunnlína fyrir sjálfsfellingu liggi fyrir og búið sé að finna út í hverju helstu áskoranir liggja.
<b>Fagmennska Samstarf Jöfnuður</b>	Aðlögun elstu barna í leikskólum í frístundaheimili.	<p>Kynning á lágmarksviðmiðum um heimsóknir haldin fyrir stjórnendur allra leikskóla og frístundaheimila sem tilheyra Austurmiðstöð.</p> <p>Áætlanir gerðar um heimsóknirnar og þær útfærðar og framkvæmdar.</p> <p>Heimsóknir barna úr samstarfsleikskólum frístundaheimila Brúarinnar framkvæmdar samkvæmt uppsettum lágmarksviðmiðum.</p> <p>Kynningarbæklingur fyrir hvert</p>	Desember 2023	Maí 2024	Unnið eftir fyrirliggjandi römmum í kringum heimsóknirnar og þær metnar af starfsfólki sem tekur þátt til þess að bæta úr því sem þarf.	<p>Fjöldi heimsókna og innihald þeirra í takti við það sem lagt er til í viðmiðum.</p> <p>Börn fá afhentan kynningarbækling um frístundaheimilið sem þau fara í að loknum leikskóla.</p>





		frístundaheimili fullkláraður.				
<b>Virk þátttaka</b> <b>Jöfnuður</b> <b>Samstarf</b>	Að fræða börn og unglinga um innihald barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvaða þýðingu hann hefur fyrir þau.	Innleiða Réttindafrístund í frístundaheimilin Kastala, Regnbogaland, Simbað og Tígrissbæ.  Áframhaldandi vinna með innleiðingu Réttindafrístundar í frístundaheimilunum Hvergilandi og Brosbæ.	Haustönn 2023	Lok vorannar 2024	Með könnun á vegum Unicef	Tekið út af Unicef í samstarfi við viðkomandi frístundaheimili og skóla.
<b>Jöfnuður</b>	Aukin virkni barna af erlendum uppruna í frístundaheimilisstarfi.	Kortleggja þátttöku þeirra í starfinu og leita leiða við að ná til þeirra sem ekki taka þátt.	Nóv. 2023	Febrúar 2024	Kortlagning liggur fyrir og leiðir valdar út frá niðurstöðum kortlagningar.	Aukin þátttaka barna af erlendum uppruna í starfinu.



## Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
<b>Fagmennska</b>	Tryggja að allir starfsstaðir fylgi lögum og reglugerðum um vinnuvernd.	Fá sérfræðing í vinnuvernd frá Mannauðs- og starfsumhverfisviði til að aðstoða við að meta leiðir. Í framhaldi verður verklag virkjað og áhættumat framkvæmt á öllum starfsstöðum Brúarinnar.	Október 2023	Áhættumat verði klárt vorið 2024	Allir starfsstaðir hafi framkvæmt áhættumat.	Áhættumat liggur fyrir og virkt verklag.
<b>Fagmennska</b>	Auka rafræna fræðslu í starfi Brúarinnar.	Kynna fræðslukerfið Torgið fyrir starfsfólki í fullu starfi.  Velja viðfangsefni sem ákveðnir hópar í starfinu eiga að tileinka sér.	Nóvember 2023	Maí 2024	Skýrsla tekin út úr Torginu um þátttöku starfsfólks í fræðslu.	Allir stjórnendur þekki og nýti sér Torgið sem vettvang til fræðslu
<b>Heilbrigður lífsstíll og vellíðan</b>	Aukin vitundarvakning um heilbrigðan lífsstíl og vellíðan.	Þjóða upp á fræðslu til allra starfsmanna Brúarinnar um heilsu.	Janúar 2024	Febrúar 2024	Þátttaka í fræðslu.	Fræðsla haldin með þátttöku 80% starfsfólks Brúarinnar.



Verklag	Skýra verklag um skráningu og tilkynningu slysa og tjónamála.	Yfirfara eyðublöð og ferla sem eru í gangi og uppfæra m.v. ábendingar frá verkefnisstjóra trygginga hjá Rvk.borg.	Desember 2023	Nýir ferlar og eyðublöð verði komin í notkun vorið 2024.	Nýtt verklag kynnt og komið í gagnið.	Stjórnendur noti nýtt verklag við skráningu og tilkynningu slysa og tjónamála.
---------	---	---	---------------	--	---------------------------------------	--



# Samstarf

Gott samstarf er milli starfsstaða Brúarinnar við leik- og grunnskólanna í borgarhlutanum.

Samstarf frístundaheimilanna við leikskólana hefur aukist undanfarin ár og nú er svo komið að allir leikskólar eru með sérstaka aðlögun elstu barnanna í frístundaheimilin. Unnið er að því að formfesta samstarfið enn frekar. Lágmarksviðmið hafa verið sett fram og skýrt verklag er til sem fjallar um hlutverk frístundaheimilis og leikskóla í samstarfinu.

Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva er í miklum samskiptum við stjórnendur og starfsfólk grunnskólanna bæði formlega og óformlega. Forstöðumenn hafa einnig tengiliði innan skólans varðandi samstarf um einstaka nemendur eða hópa.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva eru með viðveru á skólatíma á flestum stöðum sem hefur gefist afar vel og stefnt er að því að auka samstarf og viðveru í þeim skólum þar sem föst viðvera er ekki í eins miklu mæli þá sérstaklega í þeim félagsmiðstöðvum sem ekki eru staðsettar inn í skólahúsnæði.

Starfsfólk á miðlægri skrifstofu Brúarinnar flutti sig um set á árinu frá Gufunesbænum yfir á Austurmiðstöð að Gylfaflöt 5. Starfsfólkið er nú hluti af skóla- og frístundaskrifstofu Austurmiðstöðvar. Samstarfs og samþættingarverkefnið „Betri borg fyrir börn“ var sett á laggirnar á árinu en markmiðið með því verkefni er að samþætta ennfrekar stuðning og starf fyrir börn og unglunga sem þurfa á sértækum stuðningi að halda. Nú er m.a. aðgengi að sérfræðiráðgjöf betri og samtal milli sérfræðinga innan Austurmiðstöðvar við starfsfólk Brúarinnar er orðið meira en áður var. Úti á starfsstöðum SFS taka forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva þátt í teymisvinnu gagnvart málefnum barna og vinna í samstarfi við skóla og sérfræðiaðila innan Austurmiðstöðvar sem koma að þeim málum.

Heilt yfir má segja að samstarf fagaðila sem vinna með börn og unglunga í borgarhlutanum sé afar gott. Hins vegar er áhyggjuefni hversu mikið álag er á starfsfólk sem sinnir sértækum úrræðum og finna þarf lausnir til að létta á því álagi.

Gott samstarf er milli starfsmanna og stjórnenda frístundamiðstöðva og við fagskrifstofu skóla- og frístundastarfs á Höfðatorgi. Reglulegir fundir tryggja þetta samstarf og samtal milli aðila. Stjórnskipulag frístundastarfsins hefur gefist afar vel í gegnum tíðina og er til mikillar fyrirmyndar. Með tilkomu fagstjóra leik- og grunnskóla út í miðstöðvarnar hefur samtal og samstarf þessara eininga aukist ennfrekar og mun áfram þróast á komandi árum.



# Áherslur starfsársins

Áfram verður lögð áhersla á að sameina og efla starf Brúarinnar sem nýrrar skipulagseiningar. Í því sambandi er mikilvægt að koma til móts við ólíkar þarfir starfstaðanna bæði er lýtur að umhverfi barna og unglinga á viðkomandi stað sem og umgjörð eins og starfsaðstæðum, rekstri og mannauði.

Þá verður einnig lögð áhersla á samþættingu og að stuðla að auknu samstarfi Brúarinnar við fagstjórnendur og miðlæga þjónustu SFS á Austurmiðstöð auk þeirrar sérfræðiþjónustu SFS og VEL sem þar er til staðar með tilkomu verkefnisins „Betri borg fyrir börn“. Menntastefna skóla- og frístundasviðs verður í forgrunni í starfinu þar sem bæði verður unnið með miðlægar áherslur auk þess sem hver starfstaður vinnur aðgerðaáætlun sem tekur mið af viðkomandi starfsumhverfi og þeim þáttum sem valdir eru til umbóta.



# Jafnréttisáætlun 2023-2024

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili ásamt deildarstjórum. Forstöðumenn bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt á starfsstöðunum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

## ***Brúin sem atvinnurekandi***

Tryggt verði með skipulögðu jafnréttisstarfi að allt starfsfólk Brúarinnar fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnara kynjahlutfall í störfum innan frístundamiðstöðvarinnar	Stefnt að jöfnun á kynjahlutföllum í sambærilegum störfum innan frístundamiðstöðvarinnar.	Þeir sem sjá um ráðningar	Viðvarandi
Jöfn kjör alls starfsfólks, óháð kyni eða öðru.	Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. Öllu starfsfólki standi til boða að taka að sér þá yfirvinnu sem í boði er.	Deildastjórar og forstöðumenn	Viðvarandi
Að starfsfólk fái sömu tækifæri til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Starfsfólk standi jafnt þegar kemur að því að nýta sveigjanleika í starfi til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Deildastjórar og forstöðumenn	Viðvarandi
Að lög um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt séu virt.	Orðalag í efni sem Brúin sendir frá sér taki mið af því að öll kyn geti samsamað sig textanum. Hér er bæði átt við útgefið efni s.s. handbækur fyrir starfsfólk sem og kannanir og tölvupósta.	Þeir sem hverju sinni skrifa texta til starfsfólks eða gefa út efni.	Viðvarandi



## ***Einelti, áreitni og ofbeldi***

Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið á starfstöðum Brúarinnar. Gripið skal undantekningarlaust til viðeigandi aðgerða ef slíkt á sér stað. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að einelti, áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað. Nánari upplýsingar má finna í [stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#) og [aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020](#).

Komi upp einelti eða áreitni á vinnustaðnum skal vinna samkvæmt eftirfarandi verkferlum: [Verkferlar og leiðir til úrlausna í eineltis- og áreitnimálum hjá Reykjavíkurborg](#).





Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsmenn fá fræðslu um einelti og kynferðislegt áreiti.	Allir starfsmenn fá kynningu á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Að starfsfólk sé upplýst um hvert þeir geti leitað ef upp koma slík mál.	Deildastjórar og forstöðumenn.	Í upphafi starfsárs.
Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.	Unnið er skv. stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Ef slík mál koma upp er unnið samkvæmt viðbragðsáætlun SFS vegna eineltis meðal starfsmanna.	Deildastjórar og forstöðumenn.	Viðvarandi.

## Þjónustuhlutverk

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Brúarinnar óháð aðstæðum sínum, svo sem kyni, kyngervi, fötlun, þjóðerni, heilsufari og fleiru sem talið er upp í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Allt starfsfólk Brúarinnar ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til allra.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu og færni starfsfólks varðandi jafnréttismál.	Að allt starfsfólk fái fræðslu frá Jafnréttisskólanum.	Deildastjórar	Janúar 2024.
Efla þekkingu starfsfólks á einkennum ofbeldis á börn.	Halda námskeiðið <i>Opinskátt um ofbeldi</i> fyrir starfsfólk í Brúnni.	Deildastjórar	Á starfsárinu.
Efla þekkingu starfsfólks á verkferli um óviðeigandi framkomu gagnvart börnum	Kynning á verkferli SFS um óviðeigandi framkomu starfsfólks	Deildastjórar	Nóvember 2023
Efla þekkingu starfsfólks á þörfum barna með sérþarfir.	Fræðsla um nálgun og aðferðir sem vel henta í samskiptum við börn með sérþarfir og erfiða hegðun.	Ráðgjafarþroskaþjálfari	Haustönn 2023
Að eyðublöð og skráningarblöð taki mið af fjölbreytileika kyns og kynvitundar.	Endurskoðun eyðublaða og skráningarblaða út frá viðmiðum í Regnbogavottun.	Deildastjórar	Viðvarandi





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

